



Akraneskaupstaður

Félag eldri borgara Akran/nágr
Kirkjubraut 40
300 Akranes

Akranesi, 17. desember 2015
1310193 RÁ/sas

Efni: Húsnæðið að Dalbraut 6.

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 10. desember sl., var fjallað um erindi Fimleikafélags Akraness, dags. 3. desember, um húsnæði Akraneskaupstaðar að Dalbraut 6. FIMA hefur óskað eftir því að fá áframhaldandi afnot af húsinu, eða þar til áætlað er að framkvæmdir muni hefjast. Samkvæmt samkomulagi FIMA og Akraneskaupstaðar hefur félagið afnot af húsnæðinu til 1. janúar 2016.

Bæjarráð tók jákvætt í erindi FIMA og fól bæjarstjóra að ræða við forsvarsmenn FEBAN. Undirrituð verður því í nánara sambandi eftir jólahátiðina.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,


Regina Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri

Samrit: Fimleikafélag Akraness.

